

Hafnarfirði, 3. janúar 2024

Gleðilegt nýtt ár kæru nemendur og foreldrar!

Það styttist í að skólastarf hefjist að nýju. Stundatöflur nemenda verða birtar í INNU um og upp úr hádegi í dag, fylgist því endilega með í dag. Þá er mikilvægt að ganga frá greiðslu skólagjalda, þau tryggja skólavist á önninni.

**Fyrsti kennsludagur** vorannar er **mánudagurinn 6. janúar** en þá er kennt samkvæmt **hraðtöflu**, sjá nánar á heimasíðu skólans og í tölvupósti frá Árna Stefáni, áfangastjóra. Það er alltaf **mikilvægt að byrja önn vel**, mæta vel fyrstu dagana og með öll námsgögn frá og með fyrsta degi. Kynna sér einnig námsefni áfangans vel og fyrirkomulag námsmats, verkefnaskil, hlutapróf og fleira, og fylgjast vel með öllum tilkynningum varðandi námið í INNU. Þannig farnast ykkur best í náminu alla önnina.

**Töflubreytingar eldri nemenda** standa yfir í Innu frá **3. - 6. janúar**. Nánari leiðbeiningar má finna á heimasíðu skólans, sjá [hér](#).

Með hækkandi sól fer svo félagslíf nemenda aftur á flug. Framundan eru m.a. keppnir í Gettu betur (16. janúar gegn Kvennaskólanum) og Morfís og svo fer glæsileg árshátíð NFF fram í febrúar. Í því samhengi er mikilvægt að minna á **heimasíðu skólans**, [flensborg.is](http://flensborg.is) og síður skólans á samfélagsmiðlunum en þar má finna allar helstu fréttir úr skólastarfinu, auk upplýsinga um skólastarfið á önninni, námið almennt og þá þjónustu sem skólinn veitir nemendum sínum.

Með von um ánægjulegt samstarf á vorönn 2025.

**Með bestu kveðju,**

Erla Ragnarsdóttir

Skólameistari Flensborgarskólans í Hafnarfirði